

Fundargerð sambandsþings UMSB 2025

Hótel Vesturland, Borgarnesi 30. apríl 2025 kl. 18:00

1. Setning

Guðrún Hildur Þórðardóttir, sambandsstjóri UMSB, bauð fundarmenn velkomna og setti þingið formlega. Hún lagði til að Flemming Jessen yrði kjörinn forseti þingsins og Rósa Marínósdóttir varaþingforseti. Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. Kosning þingforseta og ritara

Þingforseti Flemming Jessen lagði til að Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir og Sölvi G. Gylfason yrðu kjörin ritara þingsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Kosning kjörbréfanefndar

Lagt var til að Kristján Jóhannes Pétursson og Ólafur Jóhannesson yrðu skipaðir í kjörbréfanefnd. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Afrekssjóður UMSB

Sambandsstjóri afhenti styrki úr Afrekssjóði UMSB. Alls bárust þrjár umsóknir, og hlutu þær allar styrk fyrir afrek sín á liðnu ári. Úthlutað var sem hér segir:

- Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, sundkona – 250.000 kr.
- Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir, frjálsar íþróttir – 350.000 kr.
- Kristín Þórhallsdóttir, kraftlyftingar – 350.000 kr.

5. Skýrsla stjórnar og reikningar

Guðrún Hildur Þórðardóttir, sambandsstjóri UMSB, fór yfir helstu verkefni og starfsemi sambandsins á árinu 2024, ásamt starfsemi aðildarfélaga. Hún greindi meðal annars frá undirbúningi og framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ, kjöri Íþróttamanneskju Borgarfjarðar, reglugerðarbreytingum sem samþykktar voru á síðasta sambandsþingi, úthlutun starfsstyrkja til aðildarfélaga, lottóúthlutunum, ferðastyrkjum, íþróttahátíðinni 17. júní og úthlutun úr Afrekssjóði UMSB. Þá voru veittar viðurkenningar og auka úthlutun úr afrekssjóðnum fyrir þátttöku í A-landsliðum og yngri landsliðum, sem og fyrir önnur afrek. Einnig var Auðunsbikarinn veittur auk Hvatningarverðlauna UMSB.

Svala Svavarsdóttir, gjaldkeri UMSB, kynnti ársreikning sambandsins fyrir árið 2024. Hún fór yfir helstu liði reikningsins, þar á meðal tekjur, gjöld, launakostnað, stöðu eigna, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, niðurstöðu tímabilsins, eignaskiptingu, fastafjármuni, veltufjármuni, skuldir og eigið fé, skammtímaskuldir og sundurliðaða liði.

6. Álit kjörbréfanefndar

Ólafur Jóhannesson, fulltrúi í kjörbréfanefnd, fór yfir kjörbréfin og las upp nöfn þeirra fulltrúa sem eiga rétt til atkvæðagreiðslu á þinginu. Að því loknu kynnti Rósa Marínósdóttir, varaþingforseti, kosningu starfsnefnda.

7. Kosning starfsnefnda þingsins

Lagt var til að eftirfarandi einstaklingar yrðu kjörnir formenn starfsnefnda þingsins:

- Fjárhagsnefnd: Páll Snævar Brynjarsson
- Allsherjarnefnd: Sölvi G. Gylfason
- Íþróttanefnd: Sæunn Ósk Kjartansdóttir

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

8. Inntaka nýrra aðildafélaga

Stjórn UMSB barst ein umsókn um aðild að sambandinu á milli þinga. Umsóknin kom frá Golfklúbbs Húsafells. Stjórn aflaði gagna í samræmi við 6. grein laga UMSB, þar með talið lög félagsins, upplýsingar um stjórn og félagaskrá. Þingið samþykkti inntöku Golfklúbbs Húsafells sem aðildarfélags, með fyrirvara um staðfestingu ÍSÍ á lögum félagsins. Lögin eru nú í yfirlestri hjá ÍSÍ. Jafnframt var tilkynnt að Hlaupahópurinn Flandri hefði dregið umsókn sína um inngöngu í UMSB til baka. Bæði ÍSÍ og UMFÍ hafa verið upplýst um það.

9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Rósa Marínósdóttir, varaþingforseti, gaf orðið laust til umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga.

Kristján Guðmundsson spurði hvort ætti að selja fasteignina að Borgarbraut 61.

Sambandsstjóri svaraði að málið hefði verið rætt innan stjórnar. Hugmyndir hefðu komið

fram um að nýta eignina á annan hátt, en ákveðið hefði verið að bíða frekari ákvarðana að svo stöddu.

Rósa spurði síðan fundarmenn hvort ársreikningar UMSB fyrir árið 2024 væru samþykktir í núverandi mynd. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

10. Ávörp gesta

Guðveig Lind Eyglóardóttir, forseti sveitarstjórnar Borgarbyggðar, flutti ávarp þar sem hún fór yfir vinnu sveitarfélagsins við mótun lýðheilsustefnu og íþróttastefnu. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að styðja við íþróttastarf í sveitarfélaginu og kom inn á margvísleg atriði sem tengjast stefnumótun á því sviði.

Hörður Þorsteinsson, gjaldkeri ÍSÍ, hélt ávarp þar sem hann fjallaði um breytingar í íþróttastarfi, meðal annars í tengslum við Lottógreiðslur, ríkisstyrki, nýtingu fjármuna og samstarf ÍSÍ og UMFÍ. Hann ræddi einnig um breytt hlutverk sjálfbóðaliða, áskoranir og mikilvægi þess að skapa hvata til að laða fólk að sjálfbóðastörfum. Þá kom hann inn á þau gildi sem ÍSÍ leggur áherslu á að fylgt sé eftir.

Ragnheiður Högnadóttir, fulltrúi UMFÍ, flutti ávarp og fjallaði meðal annars um skattamál íþróttafélaga, starfsemi svæðisstjóra UMFÍ og nýtt fyrirkomulag lottóúthlutana.

Heiðar Mar Björnsson, svæðisfulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, kynnti stöðu verkefna á sambandssvæði UMSB. Hann nefndi meðal annars þróun áfanga um sjálfbóðaliðastörf við FVA, aðstoð við stefnumótun hjá félögum og sveitarfélögum, stuðning við lausn erfiðra mála og leiðbeiningar við gerð styrkumsókna.

Að lokum kom Ragnheiður Högnadóttir aftur í pontu og veitti Borgari Páli Bragasynti starfsmerki UMFÍ fyrir óeigingjarnt starf hans fyrir Ungmennafélagið Íslending.

11. Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Rósa Marínósdóttir, varaþingforseti, fór yfir framlagðar tillögur og lagabreytingar sem bárust þingi.

Allsherjarnefnd fékk til umfjöllunar eftirfarandi tillögur:

- Pakkartillögur (þingskjal 1)
- Hvatningartillögur (þingskjal 2)
- Lagabreytingartillögur – Lög UMSB (þingsskjöl 5 og 6)

Fjárhagsnefnd fékk til umfjöllunar eftirfarandi tillögur:

- Félagaskattur (þingskjal 3)
- Afrekssjóður (þingskjal 7)
- Fjárhagsáætlun (þingskjal 8)

Íþróttanefnd fékk til umfjöllunar eftirfarandi tillögu:

- Valnefnd fyrir kjör á íþróttamanneskju Borgarfjarðar (þingskjal 4)
- Afrekssjóður (þingskjal 7)

12. Þinghlé

Gert var hlé á þingi á meðan starfsnefndir tóku til starfa.

13. Tillögur starfsnefnda þingsins

Rósa Marínósdóttir, varaþingforseti, gaf formönnum starfsnefnda orðið til að kynna niðurstöður og tillögur nefndanna.

Íþróttanefnd hóf kynninguna og fór Sæunn Ósk Kjartansdóttir, formaður nefndarinnar, yfir þingskjal 4, sem var samþykkt samhljóða. Þá var einnig farið yfir þingskjal 7, sem leiddi til töluverðra umræðna. Ákvæði 10. greinar var hafnað.

Allsherjarnefnd kynnti næst tillögur sínar. Sölvi G. Gylfason, formaður nefndarinnar, fór yfir þingskjöl 1, 2, 6 og 7. Öll skjölin voru samþykkt, með smávægilegum breytingum á þingskjölum 6 og 7.

Fjárhagsnefnd kynnti síðan sínar tillögur. Páll Snævar Brynjarsson, formaður nefndarinnar, fór yfir þingskjal 3 um félagaskatt, sem var samþykkt. Að því loknu kynnti hann fjárhagsáætlun UMSB fyrir árið 2025 sem var samþykkt.

14. Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Reikningar samþykktir undir lið 9. Engin endurtekin atkvæðagreiðsla.

15. Kosning stjórnar

Uppstillingarnefnd lagði fram eftirfarandi tillögur að stjórn UMSB fyrir sambandsárið 2024–2025:

Aðalstjórn:

- Guðrún Hildur Þórðardóttir, sambandsstjóri – kjörin til eins árs
- Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir, ritari – kjörin til tveggja ára
- Kristján Jóhannes Pétursson, meðstjórnandi – kjörinn til tveggja ára

Áfram í stjórn sitja:

- Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, varasambandsstjóri – á sínu seinna ári
- Svala Svavarsdóttir, gjaldkeri – á sínu seinna ári

Varastjórn:

- Einar Reynisson varavarasambandsstjóri – kjörinn til tveggja ára
- Hafdís Jóhannsdóttir, varameðstjórnandi – kjörin til tveggja ára

Áfram í varastjórn sitja:

- Ólafur Daði Birgisson, vararitari – á sínu seinna ári
- Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, varagjaldkeri – á sínu seinna ári

Tillögur uppstillingarnefndar voru bornar upp til atkvæða og samþykktar samhljóða.

16. Kosning á íþróttaping ÍSÍ

Lagt var til að sambandsstjóri UMSB, Guðrún Hildur Þórðardóttir, verði fulltrúi UMSB á komandi Íþróttapingi ÍSÍ. Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

17. Önnur mál

Rætt var um tillögur sem bárust varðandi meðferð uppsafnaðs fjármagns í Afrekssjóði UMSB (v/tillaga í þingskjali 7 varðandi 10. gr. reglugerðar um Afrekssjóð UMSB) Lagt var til að stjórn skipi vinnuhóp til að móta tillögur um framtíðarfyrirkomulag úthlutana úr sjóðnum. Vinnuhópurinn skal skila samantekt til stjórnar, sem í framhaldinu leggur fram tillögu til umfjöllunar og afgreiðslu á formannafundi að hausti.

Bjarney L. Bjarnadóttir hvatti fundargesti til að bjóða sig fram í uppstillingarnefnd. Í kjölfarið skapaðist umræða sem leiddi til ályktunartillögu. Samþykkt var ályktun nr. 103, dags. 30. apríl 2025, um að aðildarfélög UMSB tilnefni þrjá fulltrúa í uppstillingarnefnd fyrir sambandsþing 2026. Framkvæmdastjóri mun senda tölvupóst til aðildarfélaga í aðdraganda formannafundar með nánari upplýsingum og beiðni um tilnefningar.

Heiðar Mar Björnsson, svæðisfulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, fór yfir stöðu lottótekna og þær breytingar sem orðið hafa á fyrirkomulagi þeirra.

Ólafur Jóhannesson ræddi mikilvægi fjölbreyttrar félagsstarfsemi og sterkra innviða innan ungmennahreyfingarinnar. Hann nefndi meðal annars kórstarf, leiklist, náttúruvernd og vernd íslenskrar tungu.

Flemming Jessen tók undir þessi sjónarmið og lagði áherslu á mikilvægi slíkrar starfsemi. Hann tilnefndi jafnframt skoðunarmenn reikninga, Einar Ole Pedersen og Sigríði G. Bjarnadóttur, og til vara Guðmund Sigurðsson og Gunnar Örn Kárasen. Tillagan var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

18. Þinggerð - þingslit

Þingforseti þakkaði fundarmönnum fyrir gott og ánægjulegt þing.

Að því loknu tók Guðrún Hildur Þórðardóttir, sambandsstjóri UMSB, til máls. Hún þakkaði fyrir þátttökuna, óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í störfum sínum og sleit formlega sambandsþingi UMSB.